

Mál nr. 414/2015
M
og
vátryggingafélagið V1 v/ ábyrgðartryggingar bifreiðarinnar A
og
vátryggingafélagið V2 v/ ábyrgðartryggingar bifreiðarinnar B.

Ágreiningur um bótaskyldu vegna tjóns á bifreið er önnur bifreið skipti um akrein.

Gögn.

1. Málskot, móttakið 13.11.2015, ásamt fylgigögnum.
2. Bréf V1, dags. 4.12.2015.
3. Bréf V2, dags 25.11.2015.

Málsatvik.

Að morgni 10. ágúst 2015 var A ekið suður Kringlumýrarbraut áleiðis áfram suður Hafnarfjarðarveg í Kópavogi. Til móts við afrein að Hamraborg var A ekið upp á kantstein með þeim afleiðingum að hægra afturdekk eyðilagðist.

Í skýrslu hjá lögreglu kvaðst ökumaður B hafa ekið suður götuna þegar A hafi verið ekið inn á hans vegarhelming. Hann hafi þá ekið til hægri til að forðast árekstur með þeim afleiðingum að afturhjólbarði hafi farið upp á kant við afreinina að Hamraborg og hjólbarðinn skemmst. Við nánari rannsókn málsins, sem unnin var af fyrirtækinu Aðstoð & Öryggi (D), kom fram í skýrslu af ökumanni B að A og B verið ekið samsíða að Kópavogsbrú. Skyndilega hafi A verið ekið yfir á hans akrein í veg fyrir B. Til að afstýra árekstri hafi hann þurft að aka upp á kant svo dekkið eyðilagðist. Hann hafi gefið í og ekið upp að A til að ná bílnúmerinu.

Í skýrslu D er haft eftir ökumanni A að hann muni vel eftir atvikinu. Hann hafi ekið suður Kringlumýrarbraut og þurft að skipta um akrein. Hann hafi litið í hliðarspegil og séð að langt var í næsta bíl fyrir aftan. Hann hafi þá gefið stefnumerki og skipt um akrein. Þá hafi B verið ekið mjög hratt aftan að A og hafi ökumaður B ítrekað flautað á sig. Kvaðst ökumaðurinn hafa fylgst með B allan tímann og hefði séð ef ökumaður hennar hefði þurft að aka upp á kantinn en það hafi hann ekki gert. Ökumaður A kvaðst hafa ekið á 70-75 km hraða á klst. og miðað við hversu stuttur tími hafi liðið frá því hann leit í hliðarspegilinn uns B var komin upp að A geri hann ráð fyrir að B hafi verið ekið allt of hratt.

Álit.

Samkvæmt því sem að framan greinir þykir mega slá föstu að ökumaður A hafi skipt um akrein og farið yfir á akrein sem B var ekið eftir. Ökumaður A kvað B hafa verið upp að A og hafi ökumaður B ítrekað flautað á hann. Þessum viðvörðunarkerkjum virðist ökumaður A ekki hafa sinnt sérstaklega. Samkvæmt 2. mgr. 17. gr. umferðarlaga nr. 50/1987 skal ökumaður, áður en hann skiptir um akrein, ganga úr skugga um að það sé unnt án hættu eða óþarfa óþæginda fyrir aðra. Eins og mál þetta liggur fyrir hefur ökumaður A sönnunarbyrði um það að hann hafi skipt um akrein án þess að hafa valdið hættu fyrir ökumann B. Sú sönnun hefur ekki tekist og verður því að fella ábyrgð á ökumann A vegna þess tjóns sem varð á B, en ekki þykir ástæða til að draga í efa að tjón sem varð á hjólbarða B hafi hlotist við umrætt atvik.

Niðurstaða.

Tjón á B bætist úr ábyrgðartryggingu A hjá V1.

Reykjavík, 12. janúar 2016.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.
Valgeir Pálsson hrl. Jón Magnússon hrl.